



Umsókn um styrk til samgönguleiða

Nafni: *Rangir þing nýtra*
Kennitala: *520602-3050*
Aðsetur: *Suðurlandshverfi 4 - 850 Nella*
Sími: *4887000*

Rökstuðningur vegna umsóknar:

*Vísat er til meðfylgjandi aðstoðar gæmsla gættar
með umsókn.*

Áætlaður kostnaður og önnur fjármögnun:

- sama -

Landssvæði sem umsókn á við:

- Suðurland
- Vesturland
- Norðurland
- Austurland

Sótt er um á grundvelli:

- vega yfir fjöll og heiðar, sem ekki teljast þjóðvegir
- vega að bryggjum
- vega að skíðasvæðum
- vega að skipbrotsmannaskýlum
- vega að fjallskilaréttum
- vega að leitarmannaskálum
- vega að fjallaskálum
- vega innan uppgræðslu- og skógræktarsvæða
- vega að ferðamannastöðum
- vega að flugvöllum og lendingarstöðum, sem ekki eru áætlunarflugvellir, en taldir eru upp í samgönguáætlun

Vinsamlegast sendið umsókn til Vegagerðarinnar, framkvæmdadeild, Borgartúni 7, 105 Reykjavík.

Vegagerðin auglýsir árlega eftir umsóknum um styrki til samgönguleiða samkvæmt reglum nr. 1155/2011, um styrki til samgönguleiða, sbr. 5. mgr. 25. gr. og 58. gr. vegalaga nr. 80/2007, með síðari breytingum.

Umsækjandi skal leggja fram greinargóða lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd sem felur m.a. í sér upplýsingar um staðsetningu og notkun vegar, áætlaðan kostnað og aðra fjármögnun verksins.

Vegagerðin gerir tillögu um afgreiðslu styrkveitinga til ráðherra, sbr. 3. mgr. 4. gr. fyrrgreindra reglna.

Umsækjandi hverju sinni **skal vera veghaldari samgönguleiðar sem nýtur styrks** samkvæmt reglunum, sbr. 1. mgr. 5. gr. Er honum **skytt að sjá um merkingar vegar og aðra þá þætti er falla undir veghald, sbr. ákvæði vegalaga.**

Athygli skal vakin á því að samgönguleiðir sem njóta styrkja samkvæmt þessum reglum skulu opnar allri almennri umferð, sbr. 2. mgr. 5. gr. reglna nr. 1155/2011.

Vegagerðin greiðir út styrki á grundvelli umsókna sem fullnægja skilyrðum reglna nr. 1155/2011 og fengið hafa samþykki ráðherra, sbr. 1. mgr. 6. gr.

Athygli skal vakin á því að Vegagerðinni er ekki heimilt að afgreiða styrk fyrr en framkvæmd hefur verið tekin út án athugasemda af Vegagerðinni og framkvæmdaleyfi frá viðkomandi sveitarfélagi liggur fyrir ef þess gerist þörf, sbr. 2. mgr. 6. gr

Ég staðfesti að ég hef kynnt mér og samþykki ofangreinda skilmála

Mellu 4 apríl 2018
Staður og dagsætning

Agnet Sigur

Umsækjandi



Rangárbing yf.
Sveitarstjóri

Hellu 4. apríl 2018

Vegagerðin Breiðumýri 2, 800 Selfoss.

Efni: Umsókn um styrk til viðhalds á styrkvegum í Rangárþingi ytra á árinu 2018

Ný samgöngu- og fjarskiptanefnd sveitarfélagsins fór í vettvangsferðir sl. haust til að skoða ástand styrkvega innan sveitarfélagsins. Hér er umsókn frá sveitarfélaginu, sem unnin er af nefndinni.

Hér með er sótt um styrk til viðhalds og endurbóta á eftirtöldum vegum fyrir árið 2018:

Hefðbundið viðhald á styrkvegum s.s. heflun og lagfæring á stikum.

Vegir sem áætlað er að hefla sumarið 2018:

Heiti	Námar	Km.
Þjófafoss	Landvegur - Þjófafoss- Skarfanés	7
Áfangagilsleið	Landvegur - Áfangagil	10
Áfangagilsleið eldri	Dómadalsleið - Áfangagil	4
Valafellsleið	Áfangagil - Fjallabak nyrðra	27
Dyngjuleið	Dómadalsleið - Helliskvísl	12
Reykjadalaleið	Dómadalsleið - upp Pokahr.	28
Hekluvegur eystri	Tröllli - Fjallabak syðra	35
Fitjar	Fjallabak syðra - Hungurfit	12
Krókur	Hungurfit - Krókur	10
Fossvegur	Fjallabak syðra - Foss	4
Reynifellsvegur og brú	Eystri Rangá - Reynifell	3
Reynifellsvegur að Fiská	Reynifell - Fiská	3
Heklubraut	Gunnarsholt - Selsund	15
Sandhólaferjuvegur	Háfur - Sandhólaferja	7
Réttarnesvegur	Landvegur - Landrétt - Húsagarður	10
Áætluð heflun samtals		187

Áætlaður kostnaður er 1.000.000 kr.

Aðrar framkvæmdir sem áætlaðar eru:

1. **Sandhólaferja – Háfur:**

Ekki hefur tekist að fara í lagfæringar á veginum frá Sandhólaferju að Háfi í Háfshverfi í Þykkvabæ vegna lágrar úthlutunar úr styrkvegasjóði. Lagt er til að þessi framkvæmd verði sérverkefni, líkt og brúin yfir Rangá við Reynifell á sínum tíma.

Vegurinn er samfélaginu afar mikilvægur út frá öryggissjónarmiði þ.e. sem flóttaleið ef flóð verða í þeim vatnsföllum sem öldum saman hafa herjað á Þykkvabæinn úr austri samanber hermílikön frá Almannavörnum ríkisins. Og ekki síður til að tryggja ferðamannaaðkomu og hringaksturs í gegnum Þykkvabæ.

Til tals hefur komið að færa veginn nær farvegi Þjórsár, enda er núverandi vegur niðurgrafinn og ókeyrandi. Mold og leðja er einkennandi í núverandi vegstæði.

Landeigendur hafa nefnt að byrja mætti á því að ýta upp vegi úr því efni sem fyrir er og svo mætti bera í þann veg í áföngum.

Áætlaður kostnaður í upphafsverkbáttinn: 7.000.000. kr

2. **Reykjadalir:** Mikilvægt er að bera í og lagfæra nokkra kafla á leiðinni frá svokölluðum Dalamótum að Laufafelli. Leirkennd drulla er á veginum á kafla, sem er nauðsynlegt að bera í, til að koma í veg fyrir festur og utanvegaakstur.

Áætlaður kostnaður í umrætt verk: 1.000.000. kr.

3. **Landmannahellir:** Í fyrra var borið í hluta af vegi sem nefnist Styttingur, leið frá Landmannahelli að Dómadalsleið, (austan við Löngusátu). Lengd vegar er u.þ.b. 3 km.

Ekki náðist að klára að bera í veginn í fyrra og lagt er til að því verkefni verði lokið í ár. Mikilvægt að lagfæra þennan kafla vegna sívaxandi hættu á utanvegaakstri.

Áætlaður kostnaður í umrætt verk: 750.000. kr.

4. **Þjófafoss**

Í fyrra var borið í verstu kaflana á vegi sem liggur frá Landvegi, að Þjófafossi og fram í Skarfanés. Fjármagnið kláraðist áður en hægt var að ljúka verkefninu og því er óskað eftir fjármagni í bera í þá kafla sem eftir eru.

Áætlaður kostnaður við áframhaldandi verkþátt: 350.000. kr.

5. **Krakatindsleið:** Lítilsháttar lagfæringar. Loka þarf blindleiðum, laga nokkur slæm úrrennsli og setja upp merkingar varðandi hjáleiðir fyrir ökutæki sem eru með kerrur í eftirdragi. Mikilvægt er að stika leiðina betur til þess að koma í veg fyrir utanvegaakstur.

Áætlaður kostnaður í umrætt verk: 1.300.000. kr.

6. **Kotleið (Heklubraut):** Áframhaldandi lagfæringar á Kotsleið, sem liggur frá Gunnarsholti að Selsundi ca. 15 km. Vegurinn hefur lækkað töluvert og er orðinn mjög niðurgrafinn. Mold og leðja er vaxandi vandamál í núverandi vegstæði. Best væri að fylla í veginn þar sem hann er verstur og laga skorninga og holur.

Áætlaður kostnaður í umrætt verk: 1.500.000. kr.

7. **Reynifell/Þorleifsstaðir:** Áframhaldandi lagfæringar á leið sem liggur frá Reynifelli að Þorleifsstöðum og Rauðnefsstöðum. Með lagfæringum á þessum vegi er verið að stemma stigu við utanvegaakstri og áframhaldandi landsspjöllum sem af honum getur skapast ef ekki verður gripið inn í sem fyrst. Um er að ræða lagfæringar á ca 6,5 km vegakafla. Vegurinn tengist Reynifellsvegi með tengingu að Keldum og að bakleið yfir í Fljótshlíð (við Vatnsdal).

Áætlaður kostnaður í umrætt verk: 2.000.000. kr.

Vonast er til að fjármagn fáiast, svo vinna megi áfram að þessum brýnu verkefnum sem upp hafa verið talin.

Virðingarfyllst,



Agúst Sigurðsson

sveitarstjóri



Rangárþing ytra
Sveitarstjóri

Afrit: Samgöngu- og fjarskiptanefnd Rangárþings ytra

